



Grunnskóli Drangsness

Aðalbraut 10, 520 Drangsnes

S. 451-3436

Skólanámskrá

Starfsáætlun 2024-2025



Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Um Grunnskólann á Drangsnesi	3
Skólahúsnæðið	4
Stefna skólans	4
Starfshættir og skipulag	5
Skipulag skólaársins og skóladagatal.....	5
Starfsdagar / undirbúningsdagar	5
Skólasetning og morgunverður	5
Gestakennsla og stundakennarar	5
Gestanemendur	6
Skipulag skóladagsins.....	8
Skólaslit	8
Samráðsdagar	8
Áherslur á samráðsfundum nemenda, foreldra og kennara	8
Námsmat	8
Foreldraviðtöl	9
Nemendaping	9
Sveigjanleiki	9
Hefðir í skólastarfi Grunnskólans á Drangsnesi	9
Lestraráttak.....	10
Jólaskemmtun og jólaundirbúningur.....	10
Öskudagsskemmtun	10
Árshátíð	10
Útinám	11
Sveitaskóli.....	11
Hugleiðsla	11
Samstarf við aðrar stofnanir og nágrannaskóla.....	11
Félagsmiðstöðin Ozon á Hól mavík.....	11
Samstarf við Grunnskólann á Hól mavík	12
Samstarf við Árneshrepp.....	12
Ólympíuhlaupið, Hugleiðsludagur unga fólksins, Göngum í skólann o.fl.....	12
Starfsáætlun nemenda og upplýsingar um skólanámskrá.....	12

Smiðjur	13
Heimanám, heimalestur	13
Valgreinar	14
Aðrar námsgreinar	15
Vikulegur stundafjöldi	15
Námsumsjónarkerfi og notkun stafrænna miðla	15
Stuðningur	16
Nemendaverndarráð	16
Sérkennsla og önnur stoðþjónusta	16
Skimanir og greiningar	17
Starf stuðningsfulltrúa	17
Einstaklingsnámskrár	17
Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku (ÍSAT)	18
Gagnlegar síður og annað efni sem skólinn hefur aðgang að	18
Starfsmenn og starfsmannamál	18
Starfsmenn skólans	18
Kennarar	18
Umsjónarkennarar	19
Listi yfir starfsfólk skólans	19
Móttaka nýrra starfsmanna	20
Símenntun og skólaþróun	21
Samskiptavandi og ágreiningsmál	21
Hagnýtar upplýsingar	21
Ritföng og önnur námsgögn	21
Skólamaturlist / nesti	21
Skólareglur Grunnskólans á Drangnesi	22
Reglur um ástundun, leyfi og veikindi	22
Frádráttur á mætingar/hegðunareinkunn er sem hér segir	23
Viðbragð við mætingar/hegðunareinkunn	23
Móttaka nýrra nemenda	23
Móttaka nýrra nemenda sem koma úr leikskóla	23
Nemendur og foreldrar	24
Móttaka nemenda af erlendum uppruna	24
Skólaráð	25
Foreldrafélag og foreldrasamstarf	25
Nemendaráð	25

Foreldrasamstarf og samstarf við nærsamfélagið.....	25
Skólaheilsugæsla og fræðsla á vegum hjúkrunarfræðings	26
Lyfjagjafir, höfuðlús og fleira	26
Ýmsar áætlanir	26
Eineltis- og ofbeldisáætlun	26
Námsaðlögun / auka árangur í námi	27
Viðbragðsáætlun við slysum og öðrum áföllum	30
Viðbragðsáætlun Almanna- og borgaravarna vegna veðurs	30
Rýmingaráætlun vegna ofanflóða	31
Eldvarnar og rýmingaráætlun	31
Umhverfisáætlun	31
Aðrar áætlanir	31
Jafnrétti og mannréttindi.....	32
Mat á skólastarfi í Grunnskólanum á Drangsnesi 2024-2025	32
Áætlun um innra mat 2023-2025	32
Ytra mat 2020-2025	33

Inngangur

Starfsáætlun Grunnskóla Drangsness er ætlað að lýsa skólahaldi í skólanum ásamt því að gera grein fyrir sérstöðu skólans og staðbundnum aðstæðum. Starfsáætlunin er hluti skólanámskrárinnar en hana er að finna á heimasíðu skólans. Í árlegri starfsáætlun er meðal annars gerð grein fyrir starfsfólki skólans, starfstíma, hefðum og mikilvægum viðburðum í skólastarfinu ásamt fleiri hagnýtum upplýsingum er varða skólastarfið.

Skólanámskráin er birt á heimasíðu skólans

www.drangsnis.is/skoli

Starfsáætlun er endurskoðuð á ári hverju og lögð fyrir bæði skólaráð og fræðslunefnd sveitarfélagsins.

Um Grunnskólann á Drangsnesi

Grunnskóli Drangsness var stofnaður árið 1944 og er því 80 ára í ár og má lesa nánar um skólann og sögu skólahalda í Kaldrananeshreppi í samantekt Torfa Guðbrandssonar

fyrirverandi skólastjóra að Finnbogastöðum í Árneshreppi á heimasíðu skólans. Bygging sú sem enn hýsir skólann var vígð á lýðveldisárinu 1944 en frá upphafi var hún helguð störfum í þjónustu menntunar og kristnihalds eins og kemur fram í samantekt Torfa. Grunnskólinn á Drangsnesi er meðal fámennustu skóla landsins en í honum munu tíu nemendur á aldrinum sjö til fimmtán ára hefja nám haustið 2024. Skólinn er heildstæður og skiptist nú í tvær bekkjardeildar; yngri og eldri bekkjardeild. Við skólahúsið var byggt árið 1988 og er aðstaða góð til kennslu. Skólahúsnæðið er einnig nýtt sem samkomustaður t.d. koma þar saman kvenfélagskonur en í skólahúsnæðinu er leirbrennsluofn í eigu kvenfélagsins Snótar sem samnýttur er af nemendum skólans og félögum kvenfélagsins. Vorið 2016 var skólalóðin endurhönnuð af nemendum LHÍ undir stjórn Rúnu Thors en á henni er einnig sparkvöllur. Á síðasta skólaári var teiknað upp plan af endurbótum á skólalóð með aðkomu nemenda. Verið er að vinna eftir þeirri teikningu og var byrjað á að girða í kringum skólalóðina. Um 50 fm gróðurhús tilheyrir einnig skólanum og á síðustu áramótum var tengt heitt vatn úr nærliggjandi nýrri borholu og er gróðurhúsið því heitt gróðurhús núna. Í skólastarfinu er síaukin áhersla á ræktun matjurta og útikennslu. Við skólann eru einnig heitir pottar í flæðarmálinu en þeir eru eitt stærsta aðdráttarafl hreppsins.

Skólahúsnæðið

Skólahúsnæðið er við Aðalbraut 10 og fer kennsla þar fram og í nágrenni skólans (sjá nánar undir útikennsla). Íþróttakennslan fer fram utandyra þegar veður leyfir að hausti og vori en annars í samkomuhúsinu Baldri og / eða í skólahúsnæðinu. Sundkennsla yngri barna er í sundlauginni á Drangsnesi en sund- og íþróttakennarinn Magnea Dröfn Hlynsdóttir verður starfandi við skólann í stuttum sundlotum á bæði haust- og vorönn. Þá fara yngri nemendur einnig í sundleiki einu sinni í viku meðan veður leyfir að hausti og aftur að vori. Mið- og eldri deild fær sundkennslu á samstarfsdögum á Hólmavík bæði á haust- og vorönn.

Stefna skólans

Leiðarljós Grunnskóla Drangsness er að þar sé stundað skólastarf sem skapar öllum nemendum tækifæri og rými til að efla sjálfstæði sitt, ábyrgð og sjálfsþekkingu. Í Grunnskólanum á Drangsnesi eru allir nemendur einstakir og rík áhersla lögð á að hampa fjölbreytileikanum og skapa svigrúm til að styrkleikar hvers og eins fái að njóta sín. Jákvæð viðhorf, gleði, samkennd og vinátta eru hornsteinn í skólastarfinu enda öll viðfangsefni auðveldari með jákvæðnina að vopni. Allt þetta miðar að vellíðan nemenda og starfsmanna og skapar jákvæðan skólabrag.

Í skólanum fá nemendur að takast á við fjölbreytt verkefni út frá ólíkum sjónarhornum þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín. Í daglegu starfi er lögð áhersla á að skólinn sé síbreytilegur, í stöðugri þróun og með aðlögunarhæfni til að koma til móts við ólíka samsetningu nemendahópsins hverju sinni, mismunandi þarfir nemenda og áhugasvið þeirra. Unnið er að skólastefnu sveitarfélagsins og er áætlað að þeirri vinnu ljúki í upphafi næsta skólaárs.

Starfshættir og skipulag

Hér á eftir fylgja upplýsingar sem gefa eiga mynd af því sem einkennir starfshætti og skipulag í Grunnskóla Drangsness. Starfshættir eru fjölbreyttir og vegna mikils sveigjanleika í skólastarfinu sem m.a. er til kominn vegna þess hversu fáir starfa við skólann, hefur reynst auðvelt að bregðast við óskum nemenda og annarra sem koma að skólastarfinu um breytingar. Meðal þess sem einkennir starfshætti skólans er samkennsla, einstaklingsmiðun, þverfaglegt þemanám, samstarf við nágrannaskóla og útinám í einstöku umhverfi skólans ásamt ríkulegu samstarfi við nærsamfélagið.

Skipulag skólaársins og skóladagatal

Í Grunnskólanum á Drangsnesi er skólaárinu skipt í þrjár annir; haustönn, miðönn og vorönn. Markmið með slíkri skiptingu skólaársins er að einfalda skiptingu námsþátta milli anna og draga úr álagspunktum í skólastarfinu í kringum jól og áramót. Með skiptingu námsársins í þrjár annir er nemendum auðvelduð yfirsýn yfir nám sitt og þeim gert kleift að sjá fyrir endann á verkefnum og námseiningum strax frá upphafi. Á móti gerir skiptingin þá kröfu á skólann að nám nemenda sé metið og gert upp með formlegum hætti þrisvar á ári.

Skólaárinu er jafnframt skipt í nokkur smiðjutímabil þar sem tekist er á við ólík viðfangsefni þvert á námsgreinar.

Skóladagar á skólaárinu 2024-2025 eru samtals 180 en lög gera ráð fyrir a.m.k. 180 skóladögum. Skóladagatalið er birt á heimasíðu skólans ár hvert í upphafi nýs skólaárs eða við lok þess fyrra.

Starfsdagar / undirbúningsdagar

Skólaárið 2024-2025 eru starfsdagar á starfstíma nemenda fimm talsins og átta utan starfstíma nemenda.

Skólasetning og morgunverður

Skólasetning er þetta skólaárið þann 21. ágúst. Hefð hefur skapast fyrir því í GD að foreldrar, forráðamenn ásamt nemendum og starfsfólki skólans snæði saman morgunverð að skólasetningu lokinni.

Gestakennsla og stundakennarar

Gert er ráð fyrir tveimur gestakennarasmíðjum á skólaárinu 2024-2025 en áherslan í ár verður á leiklist og goðafræði. Rithöfundur verður með ritsmiðju í desember og leikstjóri mun leikstýra leikverki fyrir árshátíð, auk þess að forritari hefur verið stundakennari nú á haustönn. Með því að fá gesta- og eða stundakennara til starfa við skólann í lengri eða

skemmi tíma á hverju skólaári er fjölbreytni í námi við skólann aukinn og nemendum tryggð fagleg og góð kennsla í greinunum. Gestakennsla hefur mælst vel fyrir og er starfsfólk skólans þátttakendur í gestakennslu en hún þjónar einnig þeim tilgangi að kynna nýjar aðferðir í kennslu og fellur því undir endur- og símenntunarpátt kennara.

Gestanemendur

Hefð er fyrir því að taka á móti gestanemendum við skólann s.s. eins og fyrrum íbúum eða öðrum sem tengjast svæðinu. Forráðamenn gestanemenda eru beðnir um að fylla út sérstakt eyðublað, sjá hér að neðan, þar sem óskað er eftir leyfi til að stunda nám við skólann. Nemendur sem eru í haust- eða vetrarfrí frá sínum skólum eru ekki teknir inn sem gestanemendur, enda eru þau frí hugsuð sem skólafrí og skýlaus réttur barna að þurfa ekki að fara í aðra skóla í sínum frítíma. Dvalartími gestanemenda er misjafnlega langur en þó ekki lengri en ein kennsluvika eða eftir samkomulagi. Ef beiðni berst um námsdvöl í lengri tíma fer hún fyrir fræðslunefnd og síðar sveitarstjórn. Ákjósanlegt er að beiðni um dvöl berist skólastjóra með góðum fyrirvara og ekki seinna en viku fyrir áætlaða dvöl. Skólastjóri ber beiðnina upp á fundi með kennurum og öðru starfsfólki skólans. Gestanemendur fylgja bekk og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem unnin eru t.d. í smíðju og öðrum greinum en koma með eigið námsefni ásamt öllu öðru er viðkemur náminu s.s. íþróttafatnað o.s.frv. Gestanemendur fylgja reglum skólans.

Forráðamenn gestanemenda þurfa að láta það koma fram hvort óskað er eftir að nýta aðra þjónustu skólans s.s. eins og frístund/skólaskjól og greiða jafnframt fyrir þá þjónustu skv. gjaldskrá sveitarfélagsins.

Beiðni um gestadvöl við Grunnskóla Drangsness

Nafn og fæðingarár gestanemanda: _____

Bekkur: _____

Dvalartími frá _____ til _____

Önnur þjónusta sem óskað er eftir að nýta á meðan á dvöl stendur:

Aðrar upplýsingar s.s. ef um ofnæmi eða annað er viðkemur heilsu og vellíðan barnsins er að ræða. Annað sem mikilvægt er að starfsfólk skólans sé meðvitað um.

Upplýsingar um forráðamann/menn

Heimasími: _____

Farsími: _____

Vinnusími: _____

Netfang: _____

Undirskrift forráðamanns/manna

Skipulag skóladagsins

Grunnskólinn á Drangsnesi er einsetinn skóli. Skólahald hefst kl. 8:30 og lýkur á misjöfnum tíma en oftast kl 13:30 (yngri) og 14:20 (eldri). Nemendur í eldri deild eru á mánudögum til kl. 15:00 og á miðvikudögum til 14:20 en þeir nemendur sem þurfa að nýta aðstöðu skólans í áhugasviðsvali eru í skólanum til kl. 16:00 á miðvikudögum. Á móti þessum lengdu dögum í miðri viku eru föstudagar styttri og allir nemendur búnir á sama tíma kl. 12:10. Það er liður í fjölskyldustefnu skólans að foreldrar sem hyggjast nýta helgar til ferðalaga hafi rýmri tíma og að þessi tilhögun muni fækka leyfisbeiðnum á föstudögum.

Skólaslit

Skóla verður slitið þetta skólaárið þann 2. júní sem ber upp á mánudag. Foreldrar nemenda sjá um veitingar að skólaslitum loknum og nemendur koma að skemmtiatriðum. Skólaslitin er hátíðleg stund þar sem við kveðjumst eftir veturinn og kveðjum þess auki þá nemendur og starfsfólk sem heldur á vit nýrra ævintýra.

Samráðsdagar

Samráðsdagar eru a.m.k. tveir yfir skólaárið og í lok haustannar og í lok miðannar. Samráðsdaga eða vikur hittast umsjónarkennarar, nemendur og forráðamenn og eiga notalega stund í skólanum. Þessar stundir eru ætlaðir til þess að fara yfir gang námsins, líðan nemenda og hvað það sem getur eflt hann og tryggt að sem bestur árangur verði í námi og skólastarfi. Sérstakir fundir umsjónarkennara og foreldra eru einu sinni á skólaári, á miðönn.

Áherslur á samráðsfundum nemenda, foreldra og kennara

Haustönn: Árangur það sem af er skólaárinu greindur. Leiðir til frekari árangurs ræddar. Fyrir samráðsfundinn meta nemendur eigin stöðu í samráði við foreldra þar sem námsleg staða er rædd og líðan nemanda og staða í skólasamfélaginu skoðuð.

Miðönn: Árangur í námi frá síðasta samráðsfundi greindur og leiðir til frekari árangurs ræddar. Fyrir samráðsfundinn tekur umsjónarkennari viðtal við hvern nemanda þar sem líðan og staða í skólasamfélaginu er skoðuð og greind.

Vorönn: Litið yfir farinn veg. Framfarir kortlagðar. Staða nemandans greind í samhengi við námsmarkmið. Lögð drög að næsta vetri.

Námsmat

Hverri önn lýkur með námsmatsviku þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum matsverkefnum sem reyna á hæfni þeirra á ýmsum sviðum við að gera námsárangri sínum yfir önnina skil. Námsvinna og verkefni eru jafnframt metin jafnt og þétt yfir önnina með fjölbreyttum leiðum; skriflegum könnunum í bóklegum greinum, sjálfsmati, jafningjamati o.s.frv. Leiðsagnarnám er í innleiðingu í skólanum og eykst jafnt og þétt.

Í lok hvernar annar vinna kennarar á kennarafundi úr námsmatsgögnum sem og foreldraviðtölum og ræða stöðu og líðan nemenda og meta stöðu nemenda með tilliti til hvort breytinga eða betrubóta sé þörg.

Foreldraviðtöl

Eftir hverja önn hitta nemendur og foreldrar umsjónarkennara til skrafs og ráðagerða þar sem staða nemandans í námi og skólastarfi er rædd, styrkleikar nemandans dregnir fram og leiða leitað til að frekari árangur náist á sem allra flestum sviðum. Að vori er foreldraviðtalið nemendastýrt.

Nemendaping

Að hausti og vori eru nemendaping. Þar taka nemendur og kennarar skólans fyrir tiltekin mál auk þess sem nemendum gefst færi á að koma sínum hugmyndum um hvernig bæta megi skólastarfið á framfæri.

Sveigjanleiki

Starfið í Grunnskólanum á Drangsnesi er síbreytilegt og lagar sig að ólíkum aðstæðum hverju sinni. Viðfangsefni nemenda eru fjölbreytt og ólík eftir tímabilum og því nauðsynlegt fyrir skólann að laga sig að starfinu sem á sér stað á hverjum tíma. Þetta er t.d. gert með breytilegum stundaskráum þar sem kennarar sinna ólíkri kennslu og ólíkum verkefnum eftir tímabilum, stöðugu mati á faglegu inntaki og framkvæmd verkefna og viðfangsefna og óttaleysi við að breyta og snúa við ef svo ber undir.

Hefðir í skólastarfi Grunnskólans á Drangsnesi

Auk þeirra viðburða sem skipulagðir eru í kringum daga eins og Dag íslenskrar náttúru 16. september, Dag íslenskrar tungu 16. nóvember, Dag læsis 8. september og Dag íslenskrar tónlistar hafa skapast ýmsar hefðir í skólastarfi Grunnskólans á Drangsnesi undanfarin ár. Yfirlit yfir helstu hefðir og viðburði á skólaárinu fylgir hér á eftir.

Lestrarátak

Lestrarátak hefur verið annað hvert ár við skólann en í ljósi versnandi stöðu læsis á landsvísu hefur verið ákveðið að lestrarátak verði árlegt í 2-3 mánuði. Þetta skólaárið hefst lestrarátakið á miðönn 25. nóvember og stendur til annaloka 4. febrúar 2025.

Jólaskemmtun og jólaundirbúningur

Fyrir jól er fjölskyldum nemenda og öðrum velunnurum skólans boðið á jólaskemmtun þar sem nemendur koma fram, flytja tónlist og sýna afrakstur vinnu sinnar ásamt því sem boðið er upp á veitingar, dansað kringum jólatré og oft hafa óvæntir gestir komið í heimsókn. Jólaundirbúningur er fólgin í jólasmiðju sem hefst venjulega á aðventunni en í henni er m.a. hugað að söng, bakstri, skreytingum og fleiru auk þess sem greinakennarar flétta gjarnan jólaundirbúningi saman við viðfangsefni í greinunum s.s. eins og íslensku, dönsku og ensku.

Ýmislegt hefur verið gert undanfarin ár s.s. jólamarkaður þar sem nemendur hafa selt vörur sem þeir hafa gert. Í ár munu nemendur og starfsfólk ákveða hvaða samfélagslega verkefni þeir munu gera. Það hefur það að markmiði að skólinn geri sig sýnilegan í samfélaginu og að gera eitthvað fyrir samfélagið sem auðgar það og bætir.

Öskudagsskemmtun

Á öskudag fara nemendur grunnskólans saman grímuklædd um bæinn og syngja fyrir starfsfólk helstu vinnustaða bæjarins. Eftir hádegi bjóða grunnskólanemar svo öllum sem vilja á grímuball þar sem farið er í leiki og kötturinn sleginn úr tunnunni.

Árshátíð

Árshátíð grunnskólans er einn stærsti viðburður skólaársins þar sem nemendur flytja leikrit sem þeir hafa æft vikurnar á undan í árshátíðarsmiðju. Forráðamenn og aðrir velunnarar skólans koma að undirbúningi árshátíðar með því að skipuleggja kökuhlaðborð. Árshátíðin er jafnan vel sótt og er liður í því að kynna starfsemi skólans út á við og leyfa sem flestum að njóta afraksturs vinnu nemenda og starfsfólks skólans. Árshátíðin er einnig liður í fjáröflun nemenda sem á ári hverju halda í skólaferðalag.

Á síðasta skólaári var árshátíðin haldin í samstarfi við Grunnskóla Hólmavíkur og Leikfélag Hólmavíkur en nemendur miðdeildar GH tóku þátt í sýningunum sem voru tvær að þessu sinni. Sami nemendahópur fór svo í sameiginlegt skólaferðalag á vordögum. Sami háttur verður hafður á í vetur með árshátíð og fékkst myndarlegur styrkur frá Barnamenningarsjóði fyrir verkefnið Goðdalir, þar sem unnið er með goðafræði í öllum deildum á fjölbreyttan hátt. Gestakennarar verða fengnir í þetta verkefni, rithöfundur í ritsmiðju, danskennari í danssmiðju og leikstjóri sem mun leikstýra verkinu. Sýningar verða í ár tvær eins og sl. ár; fimmtudaginn 10. apríl og föstudaginn 11. apríl.

Útinám

Hverju skólaári lýkur með útinámsviku en markmiðið er að stórauka þátt útináms í skólastarfi Grunnskóla Drangsness enda býður einstakt umhverfi skólans upp á það. Í Bjarnarfirði er um tuttuga ára gamall skólalundur þar sem nemendur hafa plantað trjáplöntum í gegnum tíðina. Útinámsvikan að vori þetta skólaárið verður með sama sniði og á síðasta skólaári nema nemendum úr Grunnskóla Hólmavíkur verður boðið í sérstaka náttúru- og umhverfissmiðju. Nú eru það nemendur miðdeildar sem taka þátt en unglingastigi GH var boðið að taka þátt vorið 2023. Þetta er hluti af nýju samstarfi skólanna þar sem nemendur og kennarar flæða á milli skólanna í þágu fjölbreyttari kennsluhátta og viðfangsefna á hvorum stað fyrir sig. Hluti af náttúru- og umhverfissmiðju að vori er að kanna lífheiminn í firðinum og m.a. að heimsækja og kanna lífríki Grímseyjar.

Sveitaskóli

Nemendur hafa tekið þátt í starfsemi sveitaskóla í Árneshreppi fyrir 2 árum og tókst það vel. Áform eru um að vinna verkefni í anda hans í nærumhverfinu að vori í samstarfi við bændur í hreppnum.

Hugleiðsla

Hugleiðsla hefur verið inni á stundaskrá sl. ár og gefist vel. Í vetur verður hugleiðslustund einu sinni í viku á mið- og vorönn. Hugleiðsla gefur færi á að kyrra hugann og losa um streitu.

Samstarf við aðrar stofnanir og nágrannaskóla

Félagsmiðstöðin Ozon á Hólmavík

Félagsmiðstöðin er fyrir nemendur í 5.-10. bekk á Hólmavík og Drangsnesi, en Kaldrananeshreppur tekur þátt í rekstri félagsmiðstöðvarinnar Ozon á Hólmavík. Venjan er að kynna vetrarstarfið að hausti og hefur grunnskólinn á Drangsnesi leitast við sl. 2 ár að nýta samstarfsdagana á Hólmavík einnig fyrir félagsstarf. Staðan í haust er hins vegar búin að vera erfið vegna skorts á starfsfólki við félagsmiðstöðina. Ozon er nú opin að einhverju leyti en það hefur ekki nýst okkar nemendum á samstarfsdögum. Unnið er að lausn mála svo nemendur á Drangsnesi geti nýtt betur félagsmiðstöðina.

Samstarf við Grunnskólann á Hólmavík

Haustið 2022 hófst tilraunaverkefni með samstarf á milli skólanna á Drangsnesi og Hólmavík. Þann vetur fóru nemendur á mið- og elsta stigi einn dag í viku inn á Hólmavík. Þetta fyrirkomulag gaf góða raun og var ákveðið næsta skólaár 2023-2024 að prófa að hafa samstarfsdagana 2 á viku.

Í samstarfinu bauðst nemendum á Hólmavík að fara í Fab Lab Strandir í stafræna smiðju sem kennari frá Drangsnesi kennir og einnig að koma í vikulanga náttúru- og umhverfissmiðju á Drangsnesi. Á móti bauðst nemendum á Drangsnesi að taka þátt í íþróttum og fleiri verkefnum með jafnöldrum á Hólmavík á þriðjudögum þar sem þeir dvöldu allan skóladaginn. Þá voru allir nemendur í mið- og unglingadeild í báðum skólum í sameiginlegu þemanámi. Kennarar í þemanáminu eru frá báðum skólum og skipuleggja allt starf saman á vikulegum samráðsfundum. Sami háttur er hafður á nú í vetur 2024-2025. Þá sér kennari frá Drangsnesi um list- og verkgreinakennslu fyrir miðstig í tengslum við þemaverkefni og árshátíðarsmiðju.

Samstarf við Árneshrepp

Verið er að skipuleggja samstarf Grunnskóla Drangsness við Árneshrepp um að sinna fræðslu tveggja nemenda sem eru að flytja þangað. Nemendurnir eru skráðir í skólann á Drangsnesi en eru í einskönar útibúi/skólaseli í Finnbogastaðaskóla en koma mánaðarlega í vikulangar lotur í skólann á Drangsnesi. Stefnt er að því að þessir nemendur verði svo 1-2 kennslustundir á dag með nemendum á Drangsnesi með fjarfundabúnaði og þess á milli stundi sitt nám með kennara/leiðbeinanda sem staðsettur er í Finnbogastaðaskóla. Þá er áætlað að nemendur frá Drangsnesi fari í tvær heimsóknir norður í vetur, eina að hausti þar sem yngri nemendur gista eina nótt í Finnbogastaðaskóla og svo allur skólinn fari að vori í 2-3 daga og kynnist sauðburði í Árneshreppi. Þetta samstarf hófst 4. nóvember og verður í mótun í vetur, en um tilraunaverkefni er að ræða.

Ólympíuhlaupið, Hugleiðsludagur unga fólksins, Göngum í skólann o.fl.

Nemendur Grunnskólans á Drangsnesi taka þátt í Ólympíuhlaupinu eins og fyrri ár. Hugleiðsludagur unga fólksins er árlegt verkefni sem nemendur hafa tekið þátt í og munu gera það á skólaárinu eða þann 9. október. **Göngum í skólann** verður ekki á dagskrá í ár en endurskoðað fyrir næsta haust. Ýmis spennandi verkefni standa nemendum og starfsfólki til boða ár hvert en það fer eftir áherslum á hverju skólaári í hverju ákveðið er að taka þátt.

Starfsáætlun nemenda og upplýsingar um skólanámskrá

Smiðjur

Smiðjur í skólastarfi hafa verið þróaðar í Norðlingaskóla í Reykjavík og m.a. hlotið viðurkenningu Menntaráðs Reykjavíkur. Smiðjurnar í Grunnskóla Drangsnæs eru sniðnar eftir sömu hugmynd og hugmyndafræði.

Hluti alls náms í skólanum fer fram í smiðjum (5-6 kennslustundir á viku) og skiptist skólaárið upp í nokkur smiðjutímabil sem ná yfir 6-10 vikur í senn. Í smiðjum er aldrei unnið skemur en í 80-120 mínútur og áhersla lögð á að nemendur fá færi á að komast í flæði. Kennarar vinna saman í teyrum að því að þróa og skapa smiðjur í virku samstarfi við nemendur. Í smiðjum er unnið að heildstæðum viðfangsefnum þvert á námsgreinar með sérstaka áherslu á skapandi vinnu, list- og verkgreinar. Eldri og yngri bekkjardeild starfa saman í smiðjum. Smiðjumat er fjölbreytt og fer eftir eðli viðfangsefna, stuðst er við virknimat, jafningjamat.

Smiðjur vetrarins verða að hluta í samstarfi við Grunnskólann á Hólmavík, (sjá samstarf við Grunnskólann á Hólmavík), en aðrar verða með hefðbundnum hætti:

26.9 -4.10:	Jarðfræði og heimabyggð.	6 vikur
7.10 – 6.12:	Goðdalir I m. HvK	9 vikur
9.12 – 19.12:	Jólasmiðja	2 vikur
3.1- 7.2:	Stjörnufræði	5 vikur
17.2 – 11.4	Goðdalir II + árshátíð m. HvK	8 vikur
28.4 – 23.5	Landafræði/skólaferðalag	4 vikur

Heimanám, heimalestur

Frá skólaárinu 2023-2024 er aukin áhersla lögð á heimanám í öllum deildum en markmið heimanáms er:

- Að nemendur dýpki skilning, rifji upp, ígrundi og þjálfði það sem þeir hafa lært í skólanum.
- Að þjálfa skipulagsfærni, auka sjálfstæði og ábyrgð nemanda á eigin námi.
 - Nemandi þarf sjálfur að skipuleggja hvenær hvað er unnið, hafa góða yfirsýn yfir námið, skilaverkefni og fylgjast vel með áætlunum.

- Nemandi læri að setja sér markmið t.d. í gegnum gerð einstaklingsáætlunar þar sem hann ákveður í samráði við kennara að hverju skuli unnið, tímaramma verkefnis, hvaða hæfniviðmið unnið er með og í hverju ávinningurinn er fólgin.
- Að þjálfar lestur en lestur er undirstaða alls náms og því er heimalestur afar mikilvægur.
- Að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til að taka þátt í og fylgjast með námi barna sinna.
- Að tengja námið í skólanum við raunveruleg verkefni á heimili nemanda.

Áætlaður tími sem fer í heimanám:

- Yngsta stig (1.-4. bekkur) Eingöngu heimalestur að lágmarki 15 mín á dag.
- Miðstig (5.-7. bekkur) 80 mín á viku auk heimalesturs að lágmarki 15 mín á dag.
- Elsta stig (8.-10. bekkur) 160 mín á viku auk heimalesturs að lágmarki 15 mín á dag.

Heimanámsstefna skólans er á heimasíðu skólans:

<https://skoli.drangsnis.is/heimanamsstefna/>

Í Grunnskólanum á Drangsnis er markmið nemenda og kennara að ljúka öllu námi á skólatíma. Ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum er þeim lokið heima en einnig er nemendum frjálst að vinna áfram heima í tilteknum verkefnum eða greinum ef áhugi er fyrir hendi. Rík áhersla er lögð á að hver nemandi lesi heima daglega og kvitta forráðamenn fyrir lesturinn. Lestrarbækur eru valdar í skólanum eða af nemendum sjálfum eftir hentugleika og lestrargetu hvers og eins. Í eldri deild er lögð meiri áhersla á góðan undirbúning heima við og gerðar kröfur um að t.d. lestri námsbóka og fleiri verkefnum sé sinnt heima skv. áætlun frá kennara.

Valgreinar

Námsskipulag í mið- og eldri bekkjardeildum (5.-7. bekk og 8.-10. bekk) er þannig að nemendur geta valið námsgreinar að hluta til sjálfir. Með því er reynt að koma betur til móts við þarfir og áhugamál nemenda, en um leið leggur það aukna ábyrgð á herðar þeirra. Valgreinar eru ekki aukagreinar heldur eru þær jafn mikilvægar og skyldugreinarnar og kröfur um ástundun og árangur eru þær sömu og í skyldugreinum.

Nemendur í miðdeild stunda nám í vali sem þau geta að hluta til valið sjálf, en það getur verið starfstengt nám, val út frá áhugamáli, íþrótt eða tónlistarnám. Um persónulega valið er gerður samningur við nemendur og starfsstað, tónlistarskóla eða íþróttafélag ef það á við. Valið er unnið utan skólatíma og er að lágmarki 80 mínútur á viku.

Hjá elstu deild er sama fyrirkomulag nema nemandi þar velur sér tvennt í stað eins hjá miðdeild. Samstarf við Valgreinaskólann er hluti af námsframboðinu en það hefur ekki hentað í vetur en verður skoðað áfram eftir áramót.

Aðrar námsgreinar

Nánari upplýsingar um aðrar námsgreinar, hæfniviðmið og markmið er að finna undir skólanámskrá á heimasíðu skólans. Í kennsluáætlunum er svo að finna ítarlegar upplýsingar um skipulag kennslunnar í hverri námsgrein, tengsl við hæfniviðmið aðalnámskrá, hvernig námsmat fer fram o.fl.

Vikulegur stundafjöldi

Í Grunnskólanum á Drangsnesi ríkir sveigjanleiki en miðað er við að uppfylla lágmarks stundafjölda í hverjum árgangi skv. grunnskólalögum. Á skólaárinu 2024-2025 er vikuleg skólasókn nemenda í yngri deild 30 kennslustundir og 1 að auki sem samanstendur af lengri tíma í árshátíðarsmiðju og sundkennslu að hausti og vori. Í miðdeild (4. -7. bekkur) eru 32 kest og 2 að auki sem eru tímar í First Lego League keppni að hausti og árshátíðarsmiðju að vori og 2 kest í persónulegu vali eða samtals 36 kst. Í unglingadeild (9. bekkur) eru 33 kennslustundir í töflu og 4 að auki, 2 í persónulegu vali og 2 í árshátíðarsmiðju og First Lego league, samtals 38 kest.

Við skólann fer fram samkennsla árganga, yngri og eldri að mestu en í sumum smiðjum er öllum nemendum kennt saman s.s. í árshátíðarsmiðju.

Vegna samkennslu fer vikulegur stundafjöldi gjarnan yfir lágmarksfjölda.

Námsumsjónarkerfi og notkun stafrænna miðla

Skólaárið 2023-2024 var námsumsjónarkerfið Mentor tekið í notkun og vonir standa til þess að kerfið muni auðvelda nemendum og forráðamönnum að halda utan um námið. Áætlað er að halda námskeið fyrir foreldra um mentor í nóvember.

Stafrænir miðlar og tækni eiga að styðja við nám og skólastarf. Í skólanum læra nemendur að nálgast þessa miðla, fá upplýsingar um hvernig best er að nýta þá og hvað ber að varast. Markmiðið er að börnin öðlist stafræna borgaravitund og átti sig á þeirri ábyrgð sem samskiptum á netinu fylgir ásamt notkun stafrænna miðla. Góð stafræn borgaravitund felst meðal annars í því að koma vel fram hvert við annað í netheimum sem og í raunheimum. Mikilvægt er að samstarf skóla og heimilis sé gott þegar kemur að því að fylgja reglum sem varða stafræna miðla. Í skólastarfinu er gengið út frá því að aldurstakmörk séu virt varðandi notkun samfélagsmiðla og að farið sé eftir viðmiðum um skjátíma barna sjá upplýsingar á Heilsuveru <https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/uppeldi-barna/skjarinn-og-bornin/>

Öll notkun stafrænnar tækni í skólanum á að taka mið af persónuverndarlögum og ber skólastjóri ábyrgð á notkun stafrænnar tækni í skólastarfi ásamt því að sinna upplýsingaskyldu gagnvart foreldrum.

Stuðningur

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er starfrækt við skólann eins og reglur um sérfræðiaðstoð sveitarfélaga gera ráð fyrir.

Skólastjóri grunnskóla skal samræma innan hvers grunnskóla störf þeirra sem sjá um málefni einstakra nemenda er lúta að sérfræðipjónustu, náms- og starfsráðgjöf og skólaheilsugæslu með stofnun nemendaverndarráðs skv. 40. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

Jafnframt skal skólastjóri grunnskóla stuðla að samráði við félagsþjónustu sveitarfélags og barnaverndaryfirvöld vegna málefna einstakra nemenda eða nemendahópa eftir því sem þurfa þykir.

Hlutverk nemendaverndarráðs.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði sitja eftirtaldir fulltrúar:

Ásta Þórisdóttir skólastjóri

Hlíf Hrólfsdóttir félagsmálastjóri Stranda og Reykhólahrepps

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir sérkennslustjóri Grunnskólans á Hól mavík

Kristín Guðbjörg Arnardóttir skólahjúkrunarfræðingur

Ráðið fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

Hér má sjá reglur um nemendaverndarráð:

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/menntamalaraduneyti/nr/16592>

Sérkennsla og önnur stoðþjónusta

Við skólann starfa ekki sérfræðingar s.s. skólasálfræðingur, þroskajálfari, náms- og starfsráðgjafi, talmeinafræðingur og iðjuþjálfari en leitað er til sérfræðinga í gegnum samstarf skólans við Grunnskólann á Hól mavík í Strandabyggð og fræðslufyrirvöld á svæðinu. Á hverju ári er metið hvort þörf sé á sérstökum stuðningi við nemendur, hvort sem það er

stuðningskennsla, sérkennsla eða stuðningur utan kennslu. Brugðist er við hverju tilfelli fyrir sig þörfin metin í samstarfi við foreldra og kennara.

Ef nemandi þarf á sérfræðiaðstoð að halda er verklagið þannig að kennari, foreldri eða aðrir geta vísað málefni nemanda til nemendarverndarráðs, sem tekur málefnið fyrir og metur hvaða viðbrögð eða úrræði eru í boði. Gerð er áætlun um stuðning eða aðgerðir í samstarfi við sérkennslustjóra Grunnskólans á Hólmavík sem einnig hefur haldið utan um sérkennslumál Grunnskóla Drangsness, veitt ráðgjöf og stuðning. Skólastjóri sér um að fylgja eftir þeim stuðningi og/eða áætlun.

Leitað er leiða til þess að tryggja nemendum á unglingastigi aðgang að náms- og starfsráðgjafa a.m.k. tvisvar á hverju skólaári en skólastjóri sinnir að öðrum kosti hlutverki náms- og starfsráðgjafa.

Skimanir og greiningar

Skimanir og greiningar eru gerðar í samstarfi við sérkennara, skólasálfræðinga og aðra sérfræðinga. Unnið var að því á skólaárinu 2016-2017 að ljúka við áætlun varðandi lestrarskimanir í samstarfi við læsisteymi Menntamálastofnunar (nú Miðstöð menntunar og skólaþjónustu). Talnalykill hefur verið lagður fyrir nemendur og eða Logos í samstarfi við foreldra/forráðamenn og starfsmenn skólans þegar þörf hefur þótt á nákvæmari greiningu á stöðu nemenda í stærðfræði og lestri. Unnið er út frá niðurstöðum skimana og annarra greininga. Orðarún mat á lesskilningi og Læsi lestrarskimun hefur verið lögð fyrir nemendur í eftirfarandi bekkjum: 1. 2. 3. 5. 6. og 7. Íslenskukennarar í eldri og yngri bekkjardeild hafa umsjón með skimunum í lestri og lesskilningi og fylgja þar áætlun frá skólaárinu 2015-2016 er varðar skimanir og raddlestrarkannanir. Stærðfræðikennari í deildunum hefur umsjón með skimunum í stærðfræði.

Starf stuðningsfulltrúa

Ef á þarf að halda er leitað leiða til þess að veita nemendum stuðning í nemendahópi með aðstoð stuðningsfulltrúa. Stuðningsfulltrúi vinnur náið með kennurum skólans undir verkstjórn umsjónarkennara. Skólaárið 2024-2025 sinnir Tekla Þorláksdóttir stuðningi í lestri o.fl.

Einstaklingsnámskrár

Teknar hafa verið upp einstaklingsnámskrár í samráði við foreldra/forráðamenn ef þörf þykir á því í einstaka námsgreinum.

Nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku (ÍSAT)

Nemendur sem hafa íslensku ekki að móðurmáli fá sérstakan stuðning í námi eftir þörfum. Lögð er áhersla á að efla orðaforða nemenda m.a. með æfingum, úr Orðagulli, leikrænni tjáningu, samtölum o.s.frv. Nemendur sem hafa íslensku ekki að móðurmáli fá aðstoð við heimalestur inn í stundatöflu. Verkefni hafa verið unnin í sérstöku samstarfi við foreldra og lögð rík áhersla á að nemendur fái að miðla eigin tungu og menningu. Starfsmenn skólans eru í góðu samstarfi við fulltrúa frá þeim löndum sem nemendur koma frá varðandi m.a. túlkapjónustu, aðgang að efni o.s.frv.

Gagnlegar síður og annað efni sem skólinn hefur aðgang að

Skólinn tryggir nemendum og starfsmönnum aðgang að nokkrum gagnlegum síðum sem eru m.a. ætlaðar til þess að styðja við nám og tryggja fjölbreytt námsefni meðal þeirra er Skólavefurinn, 123skóli og Fjölbreyttar kennsluaðferðir. Í hvarvetna er hvatt er til virkrar notkunar þess efnis sem Menntamálastofnun býður upp á á sínum síðum m.a. til þess að efla læsi nemenda.

Starfsmenn og starfsmannamál

Starfsmenn skólans

Skólastjóri er samkvæmt lögum forstöðumaður grunnskóla. Skólastjóri ber ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og veitir honum faglega forystu. Í samstarfi við fræðslunefnd sér hann um að skólastarf sé í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og árlegar fjárveitingar til skólans. Skólastjóri er fulltrúi skólans í nefndum og ráðum er fjalla um málefni skólans sé ekki annað ákveðið og er talsmaður hans út á við. Í fámennum skóla eins og á Drangsnesi sinnir skólastjóri einnig kennslu og er hluti af kennarateymi skólans ásamt því að veita skólanum faglega forystu. Starf hans er smæðar skólans vegna afar fjölbreytt og nær yfir breitt svið.

Kennarar

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Á þeim hvíla margvíslegar skyldur m.a. að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina nemendum í námi og mati á því og leitast við að skapa réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi. Þeir sjá til þess að nemendur fái kennslu og námsefni við hæfi.

Við skólann starfa þrír kennarar, þ.m.t. skólastjóri. Einn starfsmaður sinnir starfi matráðs, stuðningsfulltrúa og frístundarstarfi. Skólaárið 2024-2025 munu þrír gestakennarar koma í tengslum við verkefnið Goðdalir; rithöfundur, danskennari og leikstjóri.

Kennarar sem ráðnir eru til starfa í grunnskóla gegna því starfi samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla og kjarasamningi FG. Siðareglur fyrir kennara voru samþykktar árið 2002 og hafa kennarar þær reglur að leiðarljósi í starfi sínu.

Umsjónarkennarar

Umsjónarkennarar gegna veigamiklu hlutverki í sambandi við velferð nemenda í skólanum. Skv. 13. Gr. Grunnskólaganna skal umsjónarkennari fylgjast náið með námi og þroska nemenda sinna, líðan, almennri velferð. Hann skal leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla að því að efla samstarf skóla og heimila.

Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp velur skólastjóri, í samráði við kennara, umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar og ráðleggur þeim um persónuleg mál og er í nánú sambandi við heimilin. Umsjónarkennari vakir yfir velferð nemandans og gerir fyrstu tillögur til úrbóta ef hallar undan fæti. Hann fylgist m.a. með skólasókn nemenda og miðlar upplýsingum til foreldra.

Umsjónarkennarar boða foreldra formlega til funda í foreldraviðtöl í lok hverrar annar yfir veturinn en auk þess hafa þeir síma- og/eða tölvusamband við þá eftir því sem þörf er á.

Listi yfir starfsfólk skólans

Nafn	Starfsheiti
Marta Guðrún Jóhannesdóttir	Umsjónarkennari yngri deildar
Heiðrún Helga Hjörvarsdóttir	Umsjónarkennari eldri deildar
Ásta Þórisdóttir	Skólastjóri og kennari
Stephan Kalt	Ræstitæknir
Tekla Þorláksdóttir	Matráður, stuðningsfulltrúi og frístundaleiðb.
Finnur Ólafsson	Skólabílstjóri
Anna Björg Þórarinsdóttir	Skólabílstjóri

Hægt er að ná í starfsmenn skóla á skólatíma og á auglýstum viðtalstímum kennara sem gefnir eru upp að hausti.

Símanúmerið er 451-3436

Netfang skólastjóra er skoli@drangsnes.is

Heimasíðan: www.drangsnes.is/grunnskoli

Móttaka nýrra starfsmanna

Þegar nýr starfsmaður hefur störf við skólann skal kynna fyrir honum/henni mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda viðkomandi að aðlagast nýjum vinnustað.

Skólastjóri:

- ☐ Sér um að nýr starfsmaður undirriti ráðningarsamning.
- ☐ Sýnir starfsmanni húsakynni skólans og önnur kennslurými sem skólinn nýtir, s.s. skólagróðurhús, sundlaug og samkomuhúsið Baldur.
- ☐ Skrá starfsmann inn á Mentor (ef það á við).
- ☐ Skrá upplýsingar á heimasíðu skólans.
- ☐ Afhendir starfsmanni lykla og vinnutölvu ef við á.
- ☐ Kynnir stefnu skólans.
- ☐ Kynnir réttindi og skyldur starfsmanna skv. kjarasamningi. (s.s. veikindarétt, lífeyrismál, símenntunarákvæði, vinnutímaramma, stundatöflu, undirbúningstíma, trúnaðar- og þagnaskyldu [o.fl.](#))
- ☐ Veita nýjum starfsmanni upplýsingar um siðareglur kennarar, vinnureglur, vinnufyrirkomulag, vinnutíma og starfsmannafundi.
- ☐ Kynna Aðalnámskrá, skólanámskrá, skóladagatal og starfsáætlun.
- ☐ Kynna heimasíðu og Mentor.
- ☐ Sjá um að upplýsingar sem fram koma verði starfsfólki aðgengilegar á sameiginlegu svæði eða heimasíðu.
- ☐ Kynna hvernig móttöku nýrra nemenda er háttað, ef það á við.
- ☐ Kynna skipulag í frímínútum og matmálastímum, bæði fyrir nemendur og kennara.
- ☐ Fara yfir hagnýt atriði, s.s. kaffitíma, fatnað, hefðir og umgengni í skólanum.
- ☐ Kynna nýjan starfsmann fyrir tengslaneti skólans, s.s. skrifstofu, sundlaug, skólabílstjórum, ræstitæknum og matráði.
- ☐ Kynnan nýja kennara/starfsmenn fyrir foreldrum.
- ☐ Kynna brunavarnir skólans, fyrstu viðbrögð við slysum og skráningu á slysum.

Símenntun og skólapróun

Í Grunnskólanum á Drangsnesi er lögð áhersla á að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar í þeim tilgangi að auka þekkingu sína og faglega hæfni. Vegna smæðar skólans er nauðsynlegt að nýta þá símenntun sem í boði er á vegum annarra stofnana ásamt því sem ætlunin er að taka virkan þátt í námskeiðum, fyrirlestrum og fleiru sem skipulagt er í samstarfi við nágrannaskólana. Kennarar og skólastjóri fara yfir símenntun í árlegu starfsþróunarviðtali.

Starfsmenn skólans sækja námskeið, fyrirlestra og ráðstefnur á ári hverju. Í upphafi hvers skólaárs er hugað að endurmenntun starfsmanna og hefð skapast fyrir því að sækja sameiginlega ráðstefnu áður en skólastarf hefst. Hugað er að þróunarstarfi í lok hvers skólaárs. Unnið er að nánari áætlun og útfærslu á símenntun og þróunarstarfi innan skólans.

Ný símenntunaráætlun verður gerð í kjölfar nýrrar skólastefnu og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla haust 2025.

Samskiptavandi og ágreiningsmál

Ef upp koma ágreiningsmál eða samskiptavandi sem ekki er hægt að leysa innanhúss, verður leitast við að fá ráðgjöf hjá Ásgarði skólaþjónustu eða annarri sambærilegri skólaþjónustu eða skólaskrifstofu sem leitað yrði til.

Hagnýtar upplýsingar

Ritföng og önnur námsgögn

Eins og fyrr mun skólinn sjá nemendum fyrir ritföngum og öðrum námsgögnum. Ritföng eru geymd í skólanum og merkt hverjum nemenda.

Skólamatur / nesti

Nemendur koma með nesti með sér í nestisstund en frá og með september 2024 er starfrækt skólamötuneyti í Grunnskóla Drangsness á mánudögum – fimmtudags og er það nemendum að kostnaðarlausu.

Nauðsynlegt er að nemendur hafi með sér hollt og gott nesti í skólann og fylgja viðmið hér að neðan um það sem er í boði að taka með sér.

- Ávexti og grænmeti
- Brauð með álegg, t.d. osti, grænmeti, eggjum, kjöti eða fiskmeti

- Ósykraða drykkjar-/mjólkurvörur

Skilaboðin til barnanna eru þau að manni líði vel af því að borða hollan mat og að það hafi áhrif á árangur í skóla og frístundum.

Skólareglur Grunnskólans á Drangnesi

Skólareglar eru samdar á hverju hausti í samstarfi nemenda og starfsfólks skólans. Skólareglur eru birtar á heimasíðu skólans.

Reglur um ástundun, leyfi og veikindi

Leyfi og veikindi skal tilkynna til skóla svo fljótt sem auðið er í síma 451-3436, veikindi má einnig skrá í gegnum Mentor, sjá nánar hér https://www.infomentor.is/wp-content/uploads/2024/03/Handbok-fyrir-adstandendur_september_23_2.pdf

Nemendur í leyfi þurfa að fylgja áætlunum sínum og skila verkefnum fyrir eða eftir leyfi í samráði við umsjónarkennara.

Leyfi er ekki samþykkt fyrr en staðfesting hefur borist frá skólastjóra.

„Sæki forráðamaður skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu í samráði við umsjónarkennara telji hann til þess gildar ástæður. Forráðamaður skal þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á undanþágu stendur.“

Úr lögun nr. 66/1995 um grunnskóla, 8. gr.

Foreldrar / forráðamenn fylla út tiltekið leyfisform ef þeir fara fram á leyfi fyrir börn sín sem nemur tveimur skóladögum eða fleirum.

Hver nemandi byrjar með 10,0 í mætingar/hegðunareinkunn í upphafi hverrar annar. Fjarvistir, brottrekstur úr kennslustundum, að koma seint eða ámælisverð framkoma utan eða innan kennslustofu koma síðan til frádráttar. Þau stig sem eftir eru í lok anna teljast mætingar/hegðunareinkunn og færast á vitnisburðarblöð. Hver og einn nemandi er einstakur og aðstæður nemenda ólíkar. Þess er gætt í hvívetna að taka ávallt tillit til aðstæðna nemenda þegar mætingar/hegðunareinkunn er metin. Þessi einkunn er sérstök einkunn óháð frammistöðu í einstökum námsgreinum.

Frádráttur á mætingar/hegðunareinkunn er sem hér segir

(S) Seinkomur:

Komi nemandi of seint í kennslustund skal færa S í mætingarskjal.

Eftir fyrsta S kemur enginn frádráttur en eftir það dragast 0,2 frá fyrir hvert skipti.

(R) Brottrestur úr kennslustund og ámælisverð framkoma:

Fyrir R sem fært er í mætingarskjal kemur 1,0 til frádráttar. Ekki er nauðsynlegt að víkja nemanda úr kennslustund þótt R sé fært inn, heldur er lítið á það sem mælikvarða á hegðun nemanda. Alltaf skal láta umsjónarkennara vita ef um brottrestur úr kennslustund er að ræða. Einnig skulu foreldrar/forráðamenn fá vitneskju um málið. Skólastjóri skal alltaf fá tilkynningu um mál sem varða brottrestur eða vítaverða framkomu nemenda, hún skal einnig færð inn í samskiptabók.

(Ó) Óheimilar fjarvistir:

Fyrir fyrsta Ó kemur enginn frádráttur ef nemandi hefur sofið yfir sig í fyrsta tíma að morgni, en eftir það dragast 0,5 frá mætingar/hegðunareinkunn fyrir hvert skipti.

Ef nemandi er fjarverandi án leyfis í heilan dag, skal umsjónarkennari hans leita skýringa á því og meta síðan fjarveru hans til frádráttar, þó ekki meira en frádráttarreglur segja til um.

Viðbragð við mætingar/hegðunareinkunn

Fari nemandi niður fyrir 8,0 í mætingar/hegðunareinkunn skal umsjónarkennari tilkynna það foreldri/forráðamanni hans. Ástundun nemenda er rædd ef á þarf að halda í samráðsfundum og oftast ef þörf þykir.

Móttaka nýrra nemenda

Nemendur sem hefja nám við skólann eftir að hafa stundað nám við aðra skóla eru sérstaklega boðnir velkomnir og er fyrsta skólaárið fylgst vel með líðan þeirra og gengi í samstarfi við foreldra. Umsjónarkennari og skólastjóri hafa umsjón með því að fylgja aðlögun nýrra nemenda eftir og grípa inn í ef þörf er á. Hér á eftir fylgri skipulag móttöku nýrra nemenda.

Móttaka nýrra nemenda sem koma úr leikskóla

Að vori

Nemendur á síðasta ári leikskólans koma í reglulegar heimsóknir í skólann áður en hin eiginlega skólaganga hefst. Dæmi um skipulag þessara heimsókna má sjá hér að neðan. Hlé er gert í verkefnavikum.

JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ
Fundað með dagvistun, foreldrum og barni	Fundað með foreldrum			Sund
2 kest	2-5 kest	2-5 kest	2-5 kest	Sund
2 kest	2-5 kest	2-5 kest	2-5 kest	Sund
2 kest	2-5 kest	2-5 kest	2-5 kest	Sund
2 kest	2-5 kest	2-5 kest	2-5 kest	

Skólastjóri, umsjónarkennari yngri barnadeildar og starfsmenn dagvistar á Drangnesi skipuleggja þessar heimsóknir í sameiningu en þær skulu frágengnar í lok haustannar á hverju skólaári.

Í fyrstu heimsókninni tekur umsjónarkennari yngri deildar á móti leikskólanemum og einum starfsmanni dagvistarinnar og sýnir þeim skólann. Í þessari heimsókn eru foreldrar sérstaklega boðnir velkomnir með og nemendur grunnskólans kynna sig og skólann sinn fyrir verðandi nemendum. Hverjum nýjum nemenda er útdelt mentor úr nemendahópi skólans sem hefur m.a. það hlutverk að veita nýnemanum öryggi og veita upplýsingar um skólastarfið.

- Kennarar grunnskólans boða börnin í samráði við leikskólakennara og ráða stærð hópanna sem boðaðir eru og þeirri dagskrá sem boðið er upp á.
- Heimsóknin taki um tvær kennslustundir.

Að hausti

Nemendur og foreldrar

Í ágúst, í byrjun nýs skólaárs fá nemendur og foreldrar þeirra bréf með öllum helstu upplýsingum um skólastarfið framundan.

Móttaka nemenda af erlendum uppruna

Unnið er að móttökuáætlun fyrir börn af erlendum uppruna og er stefnt að því að hún verði tilbúin eigi síðar en í desember 2025.

Skólaráð

Í 8. grein grunnskólalaga stendur að við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Frá hausti 2015 hefur verið starfrækt skólaráð sem skipað er eftirfarandi fulltrúum skólaárið 2024-2025:

Ásta Þórisdóttir skólastjóri

Marta Guðrún Jóhannesdóttir fulltrúi kennara

Heiðrún Helga Hjörleifsdóttir fulltrúi kennara

Anna Björg Þórarinsdóttir fulltrúi foreldra

Stephan Kalt fulltrúi foreldra

Íris Líf Þuríðardóttir fulltrúi nemenda

Friðgeir Logi Halldórsson fulltrúi nemenda

Tomas Fisera fulltrúi nemenda

Haraldur Vignir Ingólfsson fulltrúi grenndarsamfélagsins

Foreldrafélag og foreldrasamstarf

Í foreldrafélagi Grunnskólans á Drangnesi sitja Anna Björg Þórarinsdóttir og

Matthildur Guðrún Ómarsdóttir

Nemendaráð

Á hverju hausti er skipað í nemendaráð og kjósa nemendur sjálfir sína fulltrúa. Heiðrún Helga Hjörleifsdóttir hefur umsjón með félagsstarfi skólans og veitir nemendaráð aðstoð. Nemendaráð hefur m.a. umsjón með skipulögðum viðburðum fyrir nemendur skólans. Í nemendaráði fá nemendur færi á að kynnast félagsstarfi og koma með virkum hætti að skipulagi skólastarfsins.

Foreldrasamstarf og samstarf við nærsamfélagið

Gott samstarf heimilis og skóla liggur góðu skólastarfi til grundvallar. Foreldrar og forráðamenn skólans ásamt öðrum velunnurum skólans (ömmum, öfum, systkinum og íbúum hreppsins) eru sérstaklega hvattir til þess að heimsækja skólann. Foreldrar eiga

greiðan aðgang að skólanum og starfsmönnum hans auk þess sem kennarar hafa fasta viðtalstíma, samráðsfundir eru haldnir þrisvar sinnum yfir skólaárið. Foreldrar taka þátt í helstu viðburðum skólans og opnum húsum, skiptast á að sjá um veitingar og koma að undirbúningi árshátíðar. Kaldrananeshreppur er fámennnt sveitarfélag og hefur skólinn mikilvægu og fjölbættu hlutverki að gegna, í honum er kapella þar sem kirkjulegar athafnir fara fram. Íbúar koma að starfi skólans á ýmsan hátt, heimsækja okkur á opnum húsum og koma til aðstoðar þegar þörf er á ásamt því að taka á móti nemendum og starfsmönnum. Mikilvægt er að hlúa áfram að þessu sambandi og samstarfi sem ríkir á milli íbúa hreppsins og skólans.

Skólaheilsugæsla og fræðsla á vegum hjúkrunarfræðings

Hjúkrunarfræðingur og lækni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, Hólmavík annast heilsugæslu í Grunnskólanum á Drangnesi. Reglubundið heilbrigðiseftirlit fer fram í skólanum og annast hjúkrunarfræðingur einnig fræðslu og forvarnarkennslu hvað m.a. varðar kynheilbrigði og holla lífshætti. Kristín Guðbjörg Arnardóttir er skólahjúkrunarfræðingur skólanna á Ströndum.

Lyfjagjafir, höfuðlús og fleira

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur meðal annars fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra. Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlíngjafir sem barnið sér sjálft alfarið um. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólaheilsugæslu og eða skólastjóra sem skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma. Ef upp kemur höfuðlús, njálgur eða kláðamaur eru foreldrar/forráðamenn hvattir til þess að láta starfsmenn skóla vita. Viðeigandi bréf eru send út til nemenda með nánari upplýsingum.

Ýmsar áætlanir

Eineltis- og ofbeldisáætlun

Er á heimasíðu skólans.

Námsaðlögun / auka árangur í námi

Inngangur

Dagana 14.-15. september árið 2020 gerðu þær Gunnhildur Harðardóttir og Svanhildur María Ólafsdóttir fulltrúar Menntamálastofnunar úttekt á starfsemi Grunnskóla Drangsness. Meðal þess sem kom fram í ytra mati var að setja þyrfti fram skráða stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda og skjalfesta á formlegan hátt ásamt því að skrá í áætlanir hvernig tilhögun og framkvæmd námsaðlögunar er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni.

Ýmislegt hefur verið gert á undanförunum árum til þess að halda utan um og fylgjast með árangri nemenda. Skráning í *Lesfimi* hefur verið frá upphafi skimunarinnar, *Orðarún* lögð fyrir árlega ásamt *Aston Index* og öðrum skimunum sem gefa getið vísbendingar um árangur nemenda s.s. eins og *Læsi 1 og 2*. Verkefnavikur eru þrjár á skólaárinu en þá fer fram námsmat auk þess sem reglulega er staða nemenda metin með ýmsum hætti. Öll próf og kannanir eru varðveittar í skólanum eins og lög gera ráð fyrir og á reglulegum fundum kennara er námsstaða hvers og eins rædd og gripið til aðgerða þegar þörf þykir í samráði við foreldra. Samráðsdagar eru a.m.k. tveir yfir skólaárið, í lok haustannar og í lok miðannar. Samráðsdagar eða vikur eru ætlaðir til þess að fara yfir gang námsins, líðan nemenda og hvað það sem getur eflt hann og stuðlað að sem bestum árangri í námi og skólastarfi. Nemendur eru hvattir til þess að fara yfir árangur sinn á þessum fundum og í lok hverrar verkefnaviku ásamt því að kortleggja hvar skórinn kreppir að og setja sér markmið í samstarfi við kennara t.d. í *Lesfimi*.

Hér á eftir fylgir stefna skólans í námsaðlögun og aðgerðum til að auka árangur nemenda. Stefnunni er ætlað að halda utan um þessa þætti skólastarfsins með betri hætti en verið hefur, veita starfsfólki skólans leiðsögn auk þess að tryggja að góður árangur náist jafnt í námi sem líðan nemenda.

Námsaðlögun


Í skólanum er námsaðlögun í stöðugri þróun eða í samræmi við samsetningu nemendahópsins, í litlum skóla er sveigjanleikinn mikill og boðleiðirnar stuttar. Hugtakið *námsaðlögun* má skýra á ýmsan hátt en í bókinni *Aukin gæði náms* kemur eftirfarandi skilgreining fram: „Námsaðlögun miðar að því að koma á varanlegu skipulagi þar sem allir nemendur hafa sem jöfnust tækifæri til að ná árangri í námi án þess að vera dregnir í dilka eftir þekkingu, færni, skilningi eða námsgetu“ (Rúnar Sigþórsson og fl., 1999, bls. 179). Ýmsar leiðir eru færar til þess að tryggja nemendum jöfn tækifæri og virka

námsaðlögun í allri kennslu. Í eftirfarandi töflu koma fram helstu þættir námsaðlögunar og leiðbeiningar til kennara.

Námsaðlögunarþættir	Hlutverk kennara
Geta nemenda	Notar fjölbreyttar leiðir til að hjálpa nemendum með nám sitt og gerir sér grein fyrir ólíkum þörfum og getu nemenda
Gæði ofar magni	Aðlagar verkefni að þörfum nemandans í stað þess að breyta magni verkefnanna ásamt því að fá nemandanum verkefni sem bæta við þekkingu hans
Námsmat	Metur með fjölbreyttum leiðum, námsgrunn* nemenda, áhugasvið þeirra og námsnið
Mismunandi nálgun á innihald, ferli og afurð	Einstaklingsmiðað innihald, ferli og afurð og miðar kennslu að því hvað og hvernig nemendur læra ásamt því hvernig þeir sýna þekkingu sína
Þarfir nemanda	Gerir námið áhugavekjandi og hugar að árangursríkum leiðum til þess að ná til nemenda - námið skipti máli. Tryggir að námið byggi á fyrri þekkingu og greini skilning/þekkingu nemanda á viðfangsefninu í upphafi kennslunnar
Sveigjanleiki í skipulagi	Greinir hvaða skipulag hentar best til þess að miðla námsefni - í hópi, einstaklingslega o.s.frv.
Samhengi	Aðlagar námsefnið stöðugt að þörfum nemenda og fylgist með því hvernig nám á sér stað hjá þeim - skilur mikilvægi þess að staldra við og skoða hvaða aðferðir tryggja bestan árangur og líðan hvers og eins í nemendahópnum
Námshgreining	Kortleggur styrkleika og veikleika hvers nemenda og leggur mat á hvert sé aðal markmið með náminu fyrir hvern og einn

*þ.e. hver er geta nemandans og hversu reiðubúinn er hann til að takast á við námið.

Eftirfarandi fimm þættir í kennslu eru hafðir að leiðarljósi fyrir kennara í námsaðlögun nemenda.



(Tomlinson og Strickland, 2005, bls. 6-7).

*Námssnið nær yfir heildarmynd nemandans sem tekur til hvaða námsaðferðir hann/hún/hán kys, styrkleika og veikleika og mótast af námsaðferðum, greind, menningu o.s.frv.

Í Grunnskóla Drangsness hafa ýmsar leiðir verið farnar sem styðja við virka og árangursríka námsaðlögun. Nemendur hafa fengið tækifæri til að setja sér persónulegar áætlanir í samvinnu við kennara, þar sem ofangreindir þættir eru hafðir til hliðsjónar, þ.e. námsforsendur, námssnið og ekki síst áhugasvið nemandans. Þar sem um fámennan skóla er að ræða hefur kennurum reynst auðvelt að miða kennslu við þarfir hvers og eins. Nauðsynlegt er að tryggja öfluga starfsþróun í kennarahópnum og leggja á það ríka áherslu að kennarar fái tækifæri til að auka þekkingu sína og færni í fjölbreyttum kennsluaðferðum s.s samvinnunámi og heimspekilegri nálgun svo eitthvað sé nefnt. Símenntun og starfsþróun skal taka mið af samsetningu nemendahópsins og lögð áhersla á að kennarar auki færni sína á sviði kennslu í fjölmennningarlegum nemendahópi.

Í jafnréttis- og mannréttindaáætlun Grunnskóla Drangsness kemur m.a. fram að allt námsefni í öllum námsgreinum eigi að skoða og meta út frá jafnræðissjónarmiði og að tryggja eigi jafna stöðu nemenda hvað námsmat varðar og greina reglulega niðurstöður námsmats út frá kyni, uppruna og fleiri breytum.

Áhersla er á að nýta tæknina sem best til þess að auðvelda nemendum námið m.a. með notkun talgervla, á skólaárinu 2023-2024 hefur talgervlum verið komið upp í nemenda tölvum og ber kennurum að leiðbeina nemendum hvað varðar forrit og annað sem styðja við árangursríkt nám og bæta bæði líðan og námsstöðu nemenda. Foreldrum og forráðamönnum skal einnig kynntar þær leiðir til þess að bæta árangur nemenda og leiðbeina þeim eftir bestu getu svo heimanám gangi vel og sé sem árangursríkast. Að lokum eru hér nokkur markmið sem stefnan er að ná fyrir lok skólaársins 2024-2025

- Bjóða foreldrum upp á námskeið um námsaðlögun og árangursríkar leiðir til þess að styðja við nám sinna barna
- Starfsfólk skólans fái aukna fræðslu um námsaðlögun og leiðsögn um hvernig best megi tryggja virka námsaðlögun
- Vinna að því að skapa námsumhverfi sem ýtir undir vellíðan nemenda og áhuga þeirra á náminu

Þessi stefna var lögð fyrir skólaráð veturinn 2023-2024 og tekur gildi 1. apríl 2024. Stefnan er endurskoðuð annað hvert ár, næst haust 2026.

Viðbragðsáætlun við slysum og öðrum áföllum

Í áfallaáætlun skólans eru upplýsingar um hvernig eigi að bregðast við slysum og öðrum alvarlegum áföllum sem upp kunna að koma. Hún er á heimasíðu skólans.

Viðbragðsáætlun Almanna- og Almanna vegna veðurs

Mikilvægt er að foreldrar fylgist með veðri og veðurspám og hagi sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Foreldrar leggja sjálfir mat á hvort fylgja þarf barni í skóla þótt engin tilkynning hafi borist frá yfirvöldum. Meti foreldrar aðstæður svo að ekki sé óhætt að börn þeirra sækja skóla vegna veðurs þá skulu þeir tilkynna skólanum um það og lítur skólinn á slík tilvik sem eðlileg forföll. Hið sama gildir ef foreldrar lenda í vandræðum á leið sinni til skóla og verða frá að hverfa.

Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Rýmingaráætlun vegna ofanflóða

Við Grunnskólann á Drangsnesi getur orðið hætt á ofanflóðum. Ef tilkynning berst frá Veðurstofu Íslands um að hætt sé á ofanflóði á Drangsnesi skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun:

1. Skólastjóri fær boð frá Veðurstofu Íslands um að hætt sé á ofanflóði. Þar sem um hættuástand er að ræða ræsir skólastjóri viðvörunarvælu og hringir í síma 112 og tilkynnir um hættu.
2. Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem er að finna í öllum kennslustofum. Teikningar af útgönguleiðum eru á göngum skólans. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofur fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast og að koma nemendum á rétt söfnunarsvæði og þarf hann að muna eftir nafnalista. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem er næstur. Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum hurðum á eftir sér.
3. Þegar komið er út á söfnunarsvæðin er mjög mikilvægt að nemendur standi í stafrófsröð hjá sínum kennara sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Kennarinn kemur síðan upplýsingum um stöðuna til umsjónarmanns söfnunarsvæðis.
4. Umsjónarmenn söfnunarsvæða koma upplýsingum um stöðuna til skólastjórnenda eða umsjónarmanns.
5. Þegar björgunaraðilar koma á staðinn gefur skólastjórnandi/umsjónarmaður varðstjóra upplýsingar um stöðuna.

Eldvarnar og rýmingaráætlun

Er á heimasíðu skólans.

Umhverfisáætlun

Skólaárið 2018-2019 unnu nemendur ásamt starfsmönnum að umhverfisáætlun skólans og er hún birt á heimasíðu skólans. Hún hefur ekki verið uppfærð.

Aðrar áætlanir

Nánari upplýsingar um áætlanir skólans s.s. eins og varðandi netöryggi, umferðaröryggi og fleira má nálgast hjá skólastjóra og eða eru birtar á heimasíðu skólans.

Jafnrétti og mannréttindi

Jafnréttisáætlun skólans má nálgast á heimasíðu hans.

Mat á skólastarfi í Grunnskólanum á Drangsnesi 2024-2025

Skv. grunnskólalögum ber hverjum grunnskóla að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli á að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Í fámennum skóla reynist erfitt að fylgja þeim kröfum sem gerðar eru um skipulag mats í grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt; annars vegar er um að ræða mat sem framkvæmt er innan skólans, innra mat og hins vegar mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis menntamála eða annarra aðila, ytra mat.

Áætlun um innra mat 2023-2025

Leitast er við að kanna líðan nemenda og stöðu þeirra í námi reglulega á skólaárinu og verða lagðar fyrir tengslakannanir í aðdraganda samráðsfundar að hausti og líðankannanir við lok miðannar. Kennarar taka saman helstu niðurstöður og gera áætlun um viðbrögð, upplýsa foreldra ef þurfa þykir og meta hvort ástæða sé til að leita eftir sérfræðisþjónustu.

Leitast er við að bæta námsmat með fjölbreyttum matsaðferðum. Könnun meðal kennara verður lögð fyrir í lok 2. annar og gerðar tillögur til úrbóta.

Upplýsingar um lesferil eru teknar saman og kynntar fyrir foreldrum.

Snar þáttur í virkri þátttöku nemenda við umbætur og breytingar á starfi skólans er skólafundur/nemendaping sem haldinn er tvisvar sinnum á hverju skólaári þar sem nemendur koma með tillögur að breytingum og setja fram óskir sínar varðandi skólastarfið. Skólafundur/nemendaping er mikilvægur umræðuvettvangur um allt starf sem fer fram innan skólans og hefur skilað jákvæðum breytingum á skólastarfinu.

Líðan og staða starfsfólks er könnuð í starfsmannaviðtölum og svara þeir formlegum spurningalista áður en að viðtali kemur.

Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð. Niðurstöður mats eru ávallt kynntar starfsmönnum, nemendum, foreldrum/forráðamönnum, skólanefnd og að endingu birtar á heimsíðu skólans. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Ytra mat 2020-2025

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila sem leggur mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Það er meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknir úttektaraðila og viðtöl við nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Haustið 2020 var framkvæmt ytra mat á skólastarfinu og gefin út skýrsla um það. Unnið hefur verið í mörgum þáttum til úrbótar í kjölfarinu og stefnt á að skila lokaskýrslu í júní 2025.

Foreldrum, forráðamönnum, nemendum og öllum þeim sem áhuga hafa á að kynna sér nánar starfsemi skólans er bent á heimsíðu hans www.drangsnes.is/grunnskoli eða með því að hafa samband við skólastjóra skoli@drangsnes.is